Hafnarfjörður
10. ágúst 2022


LESTUR
er lífsins leikur

ENDURSKOÐUN 2022

Að efla læsi
í leik- og grunnskólum
Hafnarfjarðar

Tilgangur þess að efla læsi er að nemendur geti lesið sér til gagns og ánægju við lok grunnskólanáms. Þeir verði virkir og skapandi málnotendur sem hafi fengið stuðning til þess á skólagöngu sinni frá leikskóla til loka grunnskóla. Nemendur fái jafnframt ítarleg kynni af fjölbreyttum möguleikum íslenskunnar í öllum námsgreinum með viðeigandi kennslu. Á báðum skólastigum gefist þeim margvísleg tækifæri í skólastarfinu til að undirbúa og bæta lestrarhæfni sína í margs konar tjáningu. Til að auðga líf nemenda sé þeim einnig gert fært að nýta sér fjölbreytileika tungumálsins og fá þannig aðgang að lestrarmenningu þjóðarinnar.

Lestrarhæfni nær til allra nemenda og er mikilvægt samfélagslegt verkefni. Frávik í lestri geta haft afgerandi áhrif á hegðun, líðan og námsframvindu. Þess vegna er mikilvægt að veita þeim sem standa höllum fæti sérstakan stuðning. Því eru sett viðmið um hvenær og hvernig grípa þurfi inn í og veita viðeigandi aðstoð. Slíkt felur í sér að margvísleg ábyrgð er lögð á sveitarfélagið, starfsfólk skóla og foreldra til að styðja við nemendur þannig að markmið í lestri náist. Í því ljósi eru sett fram viðmið um mælingar á lestrarhæfni og lestraraðgerðir út frá sjónarmiðum um snemmtæka íhlutun með samhæft, faglegt skipulag að leiðarljósi innan leik- og grunnskóla í Hafnarfirði. Markmiðið er að veita nemendum nægan stuðning þannig að allir öðlist fullnægjandi lestrarhæfni og fái næg tækifæri til að ná hámarksárangri í námi.

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Hafnarfjörður

Hafnarfjörður

# Uppfærsla á *Lestur er lífsins leikur* 2022

## Læsismálin 2022-23

Bjartey Sigurðardóttir verkefnisstjóri *Lestur er lífsins leikur*

Hafnarfjörður

# Læsi sem samfélagslegt verkefni
# Læsi byggir á málþroska

Að börn verði vel læs er mikilvægt samfélagslegt verkefni:

- Foreldrar barna 0-2 ára
- Leik- og grunnskólar
- Foreldrar leik- og grunnskólabarna
- Frístundaheimilin
- Dagforeldrar
- Bókasafn Hafnarfjarðar
- Heilsugæslan í Hafnarfirði

LESTUR
er lífsins leikur

# Breytingar sem snúa að leikskólanum

Bjartey Sigurðardóttir, talmeinafræðingur og verkefnisstjóri LLL

# ***Málþroskalistinn Orðaskil*** – viðbót

- ***Orðaskil*** verði lagt fyrir tveggja ára börn í leikskólum Hafnarfjarðar.

- **Markmið:** Að ná fyrr til barna sem sýna merki um slakan orðaforða svo hægt sé að grípa sem fyrst til aðgerða, veita börnunum markvissan stuðnings og ráðgjöf til foreldra.

- Hvers vegna að mæla orðaforða ungra barna?
  Góður orðaforði er ein mikilvægasta forsenda góðs lesskilnings síðar á ævinni.

# ***Hljóm-2*** - breyting á íhlutunarviðmiði.

- Núverandi setning úr læsisplagginu falli út: *Barni sem mælist undir 10. hundraðsröð skal vísað til talmeinafræðings.*
  Í staðinn komi eftirfarandi:
  - *„Börn með mjög slaka og slaka útkomu fá markvissa þjálfun á hljóðkerfisvitund í leikskólanum.*
  - *Börnum með mjög slaka útkomu skal vísað til talmeinafræðings til frekari greiningar.*
  - *Eftir seinni prófun: Ef nemendur með slaka útkomu mælast enn slakir eftir þjálfunarlotu skal vísað til talmeinafræðings til frekari greiningar.“*

LESTUR
er lífsins leikur

# Breytingar sem snúa að grunnskólanum

Bjartey Sigurðardóttir, talmeinafræðingur og verkefnisstjóri LLL

Hafnarfjörður

# Logos-skimanir – breytingar

- A) Breyting sem miðar að því að fækka þeim sem fara í skimunina með því að undanskilja þá sem ýmist eru komnir með dyslexíugreiningu eða hafa náð meðalfærni í lesfimi (lesfimiviðmið 2) skólaárið á undan.

- B) Breyting þar sem verið er að skima fyrir veikleikum í málskilningi sem birtast í formi slaks lesskilnings.
  Ef slíkir veikleikar koma í ljós er nemanda vísað í nánari greiningu á málþroska hjá talmeinafræðingi.

# Orðanámskrá fyrir yngsta stig grsk.

- Nýtt stuðningsverkfæri *Lestur er lífsins leikur.*
- Styðja við grunnorðaforða.
- Engar sérstakar kvaðir eða viðmið um notkun.
- **Markhópur:**
    - Fjöltyngd börn
    - Börn með frávik í málþroska.
    - Eldri nemendum sem eru að hefja íslenskunám eða þarfnast mikils stuðnings í námi.
    - Má einnig nota með stærri hópum í almennri kennslu yngri nemenda og á frístundaheimilunum.
- 19 orðaþemu:
    - Hvert þema er kennt á u.þ.b. tveimur vikum (eitt skólaár).
- „Lifandi skjal“, kennarar geta:
    - Fylgt innlagnarröð eða aðlaga að vild.
    - Bætt við og/eða sleppt úr orðum.



# Orðanámskrá fyrir yngsta stig grunnskóla - Grunnorðaforði

- *Orðanámskráin* er hugsuð fyrir kennara og starfsmenn skóla til notkunar meðal nemenda á yngsta kennslustigi (1.-4. bekk) og á frístundaheimilum.

- *Orðanámskráin* er í grunninn útbúin af Menntamálastofnun með leikskólastigið í huga, en hefur verið uppfærð og aðlöguð að yngsta stigi grunnskóla af sérfræðingum í skólakerfinu í Hafnarfirði.

- Tekur mið af *hæfniramma fyrir íslensku sem annað tungumál* í aðalnámskrá grunnskóla.

- *Orðanámskráin* er útgefin sem sérstakt plagg og er dreift til starfsfólks grunnskólanna á Læknum, innri vef bæjarstarfsmanna.

- Einnig eru í boði námskeið þar sem fjallað er um notkun *Orðanámskrárinnar.*

# Læsisnámskeið á vegum mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar haustið 2022 Grunnskólar

| Námskeið | Markhópur | Dags. | Tímasetn. | Staður | Kennarar |
|---|---|---|---|---|---|
| ***Vinna með Orðanámskrá á yngsta stigi gr.*** | Kennarar á yngsta stigi grsk. | 18.08.2022 | 14:30 – 16:00 | Teams | Bjartey Sigurðardóttir |
| ***Markviss lestrarkennsla í 2.-4. bekk*** | Kennarar í 2.-4. bekk | 29.08.2022 | 14:30 – 16:00 | Krosseyri | Kristín Fjóla Bergþórsdóttir, Erla Björg Rúnarsdóttir og Bjartey Sigurðardóttir |
| ***Markviss lestrarkennsla í 1.-2. bekk*** | Kennara í 1.-2. bekk | 30.08.2022 | 14:30 – 16:00 | Engidalsskóli | Þórey Sæmundsdóttir, Anna María Aadnegard og Bjartey Sigurðardóttir |
| ***K-pals*** | Kennarar á elsta stigi leikskóla, kennarar í 1.-2. bekk og sérkennarar | 12.09.2022 | 14:00 - 17:30 | Krosseyri | Heiðveig Andrésdóttir og Sólveig Edda Ingvarsdóttir |
| ***G-pals*** | Kennarar í 1.-3. Bekk og sérkennarar | 14.09.2022 | 14:00 - 17:30 | Krosseyri | Heiðveig Andrésdóttir og Sólveig Edda Ingvarsdóttir |
| ***Pals*** | Kennarar í 3.- 10. bekk og sérkennarar | 15.09.2022 | 14:00 - 17:30 | Krosseyri | Ásdís Hallgrímsdóttir og Erla Erlendsdóttir |
| ***Framburðarskimun fyrir 1. bekk*** | Umsjónarkennarar og sérkennarar í 1. bekk | 19.09.2022 | 14:30 – 15:30 | Krosseyri | Bjartey Sigurðardóttir |
| **Málörvun á frístundaheimilum** | Starfsfólk frístundaheimila | 22.08. 2022 | 13:30 – 15:00 | Teams? | Bjartey Sigurðardóttir |

# Læsisnámskeið á vegum mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar haustið 2022
## Leikskólar - drög

- Orðaskil og hvað svo? - Hvernig fræðum við foreldra um eflingu orðaforða og málþroska?
- Vinna í málörvunarhópum.
- Vinna með hljóðkerfisvitund.

Hafnarfjörður

# „Dyslexíuhópurinn“

- Starfshópur átta læsissérfræðinga sem starfa úti í grunnskólunum og á M og L.
- **Markmið með vinnu hópsins er að skoða málefni nemenda með lestrarvanda:**
  - Hvernig metum við lestur nemenda á markvissan hátt?
  - Hvaða íhlutunaraðferðir reynast best?
  - Hvaða tæknilausnir styðja best við nemendur í lestrarvanda?
  - Höfum til þessa einbeitt okkur að yngstu nemendunum. Teljum að greining og íhlutun þurfi að skoða í samhengi.
    - Ný nálgun hvað varðar mat á lestri yngstu nemendanna.
    - Ný stafaspil fyrir alla nemendur í 1. bekk.

# Nýtt matsblað

- Til stuðnings fyrir kennara.
- **Markmið:** Að finna út hvað það er í lestri nemandans sem ekki er sem skyldi og í framhaldi af því að vera með eintaklingsmiðaða íhlutun.
- Má nota við mat á lestri þegar glímt er við misþunga texta.
- Ef í ljós koma erfiðleikar:
  - Fá álit/aðstoð sérkennara.
  - Byggja upp íhlutun í samræmi við matið.

HAFNARFJÖRÐUR

LESTUR er lífsins leikur

**Greinandi mat á lestri nemanda**

Nafn nemanda: ______________________ Bekkur: __________

| | Dags. | | Dags. | | Dags. | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | já | nei | já | nei | já | nei |
| Nemandinn þekkir hljóð innlagðra bókstafa | | | | | | |
| Nemandinn þekkir heiti innlagðra bókstafa | | | | | | |
| Nemandinn þekkir innlagðar orðmyndir | | | | | | |
| Nemandinn nær að tengja hljóð bókstafa saman í stutt orð (án samhljóðasambanda) | | | | | | |
| Nemandinn nær að tengja saman hljóð samhljóða (samhljóðasambönd) í orðum | | | | | | |
| Nemandinn nær ekki að tengja hljóð bókstafa saman í orð (höktir – stafar – annað ______________) | | | | | | |
| Nemandinn giskar mikið | | | | | | |
| Umskráning er mjög hæg og nemandinn lengi að kalla fram hljóð einstakra bókstafa | | | | | | |
| Nemandinn þekkir alla bókstafi og er byrjaður að lesa | | | | | | |

Nemandinn víxlar eftirfarandi bókstöfum/hljóðum í samfelldum lestri: ______________

______________________________________________

**Athugið:** Ef nemandinn sýnir veikleika við að tileinka sér ofannefnda þætti er mikilvægt að greina nánar hljóðkerfisvitund hans með viðeigandi mælitækjum.

© Bjartey Sigurðardóttir, verkefnisstjóri læsis

Mennta- og lýðheilsusvið Hafnarfjarðar

Hafnarfjörður

# Ný stafaspil fyrir 1. bekk

- **Markmiðið með spilunum** er að allir nemendur nái sem fyrst að festa hljóð og heiti bókstafanna í minni.

- Börnin safna spilum í bunkann sinn eftir því sem stafirnir eru lagðir inn.

- Það að vera með eigin spil nýtist m.a. sem heimavinna í byrjun, þ.e. að nemendur fara yfir alla stafina heima, sem búið er að leggja inn.

- **Hver skóli fær:**
  - Sett af litlum bókstöfum fyrir alla nemendur í 1. bekk.
  - Nokkur aukasett fyrir eldri sérkennslunemendur.
  - 10 sett með stórum bókstöfum.
  - 200-300 auð spjöld sem eru ætluð nemendum sem þurfa aukna þjálfun (nemendur skrifa sjálfir stafi á aukaspjöldin sín).
  - Plastumslög (spilaskjóður) til að geyma spilin í.
  - Lista með hugmyndum að notkun spilanna.




Hafnarfjörður

# Snemmtæk íhlutun í 1. bekk

Ekki bíða og sjá til  heldur setja strax í gang íhlutun við hæfi

Bjartey Sigurðardóttir, talmeinafræðingur og verkefnisstjóri

Hafnarfjörður

# Undirbúningsvinna skólans (október)

- Fara yfir alla nemendur í 1. bekk (umsjónarkennarar og sérkennarar).
- Skoða allar bakgrunnsupplýsingar sem fylgdu nemendum úr leikskólanum (fyrri greiningar, gögn úr skólaskilum o.fl.).
- Fara yfir niðurstöður *Gátlista LtL.* Skoða sérstaklega nemendur sem eru með mörg Já- svör á gátlistanum.
- Fara yfir niðurstöður *Lesskimunarprófs.* Skoða sérstaklega þá sem koma út í áhættu 1(og 2) í:
  - Hljóðkerfisvitund
  - Stafaþekkingu
  - **Málskilningi**

# Fundur talmeinafræðings/verkefnisstjóra með kennurum

- Faiða yfir alla nemendur í 1. bekk og þær upplýsingar sem kennarar hafa verið að skoða (sbr. undirbúningseyðublað).
  Hér er klínískt mat kennara á stöðu nemandans einnig mikilvægt.

- **Skoða bakgrunnsupplýsingarnar sem fylgja nemendum t.d.:**
  - Hefur barnið farið í greiningar áður, hverjar voru niðurstöður, hefur verið mælt með talþjálfun og ef svo er, er barnið í talþjálfun eða á biðlista o.s.frv.

- Ef ástæða þykir til nánari greiningar á málþroska hefur skólinn samband við viðkomandi foreldra og fær samþykkir fyrir því að fram fari nánari skimun á málþroska hjá nemandanum.

- Í sumum tilfellum er kennurum bent á að hafa samband við foreldra og hvetja/leiðbeina til að vinna með málörvun (t.d. nemendur nýfluttir til Íslands eftir veru erlendis).

- Ekki þarf skriflegt samþykki foreldra en mikilvægt er að hafa bókað í fundargerð hjá skólanum að símtal hafi farið fram og foreldrar samþykkt þessa leið (sbr. lögfræðilegt álit).

# Nánari skimun á málþroska hjá nemendum sem eru í áhættuhópi 1 í málskilningi og/eða öðrum nemendum sem kennarar hafa áhyggjur af

- **Nánari skimun felst í:**
  - A) Leggja fyrir stytta útgáfu af TOLD-2P (með samþykki frá foreldrum).
  - B) Framburðarskimun lögð fyrir ef ástæða þykir til og hún hefur ekki verið lögð fyrir áður.

  - Ef nemandi fær mælitöluna 85 eða lægri í styttri útgáfu TOLD-2P skal máli hans vísað til nemendaverndarráðs/brúarteymis og óskað eftir nánari greiningu á málþroska hjá talmeinafræðingi.

  - Ef nemandi uppfyllir ákveðin viðmið um framburðarfrávik skv. framburðarskimun skal máli hans vísað til nemendaverndarráðs/brúarteymis og óskað eftir nánari greiningu á framburði hjá talmeinafræðingi.

  - Kennarar fylla út eyðublöð B og C fyrir viðkomandi nemendur í samstarfi við foreldra og fá undirskrift þeirra.

# Hvernig kom verkefnið út?

- Alls voru það fimm grunnskólar sem tóku þátt í verkefninu á vorönn.
- Af 173 nemendum í 1. bekkjum þessara fimm grunnskóla var 31 nemanda vísað í nánari skimun á málþroska og/eða framburði (Stytt útgáfa af Told-2P og framburðarskimun).
- Af þeim hópi var 18 vísað áfram í greiningu á málþroska/framburði eða endurmat á málþroska (þ.e. vísað til nemendaverndarráðs og þá síðar til brúarteymis).
- Það er því greinilega full þörf á að skima nánar fyrir veikleikum í málþroska hjá nemendum í 1. bekk og verður haldið áfram með verkefnið nú í haust og þá unnið með öllum grunnskólunum.





Hafnarfjörður

# Tengiliðafundir læsis - jafningjafræðsla

- Tengiliðafundir læsis hafa verið haldnir frá 2015 – tveir tengiliðir frá hverjum skóla sem miðluðu inn í skólanna.
- Breytt fyrirkomulag á síðasta skólaári – meiri virkni allra kennara.
- Fundarhöld á komandi skólaári:
- **Leikskólar:**
  - Tveir hópar: deildarstjórar eldri barna og deildarstjórar yngri barna.
  - Fjórir fræðslufundir yfir veturinn.
  - Jafningjafræðsla frá leikskólunum.
- **Grunnskólar:**
  - Yngsta stig: Sex fræðslufundir yfir veturinn.
  - Mið- og unglingastig: Fjórir fræðslufundir yfir veturinn.
  - Aukin áhersla á utanaðkomandi fræðslu.
  - Teams fundir (einn staðfundur).

# Nýr bæklingur um gildi málörvunar

- **Fræðsla til foreldra um gildi málörvunar:**
  - Málörvun í daglegum aðstæðum.
  - Bæklingur afhentur foreldrum allra leikskólabarna í haust.
  - Bæklingurinn verður síðan afhentur í móttökuviðtölum.

- **Helstu áhersluþættir:**
  - Gæðamálörvun
  - Orðaforði
  - Góðar málfyrirmyndir
  - Að lesa fyrir börn
  - Ríkulegt málumhverfi
  - Skjánotkun



# Takk fyrir





Hafnarfjörður